

# REGLUGERÐ

## um eingreiðslur til lífeyrisþega árið 2017.

### 1. gr.

#### *Gildissvið og framkvæmd.*

Reglugerð þessi gildir um eingreiðslur til elli-, örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega á árinu 2017.

Orlofsuppbætur skulu greiddar 1. júlí og desemberuppbætur skulu greiddar 1. desember. Tryggingastofnun ríkisins annast framkvæmd reglugerðarinnar.

### 2. gr.

#### *Eingreiðslur til örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega.*

Orlofsuppbót til örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega skal nema 20% af fjárhæð tekjutryggingar lífeyrisþega skv. 22. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, og fjárhæð heimilisuppbótar örorkulífeyrisþega skv. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 99/2007, um félagslega aðstoð.

Desemberuppbót til örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega skal nema 30% af fjárhæð tekjutryggingar og heimilisuppbótar lífeyrisþega, sbr. 1. mgr.

Fjárhæð orlofsuppbótar skv. 1. mgr. reiknast miðað við 1/12 af greiðslurétti lífeyrisþega síðustu 12 mánuði fyrir greiðslu uppbótarinnar.

Fjárhæð desemberuppbótar skv. 2. mgr. reiknast miðað við 1/12 af greiðslurétti lífeyrisþega á árinu 2017.

### 3. gr.

#### *Eingreiðslur til ellilífeyrisþega.*

Full eingreiðsla til ellilífeyrisþega skal nema 86.250 kr. Skal 40% þeirrar fjárhæðar greiðast 1. júlí sem orlofsuppbót og 60% fjárhæðarinnar 1. desember sem desemberuppbót.

Eingreiðsla skal lækka um 2% af tekjum lífeyrisþega, sbr. 16. og 23. gr. laga um almannatryggingar, uns hún fellur niður.

Um áhrif búsetu og frestun á töku lífeyris á fjárhæð eingreiðslna skv. 1. mgr. fer skv. 17. gr. laga um almannatryggingar.

Hafi ellilífeyrisþegi fengið greiddar bætur hluta úr ári skulu eingreiðslur til hans skv. 1. mgr. greiddar í hlutfalli við greiðsluréttindi hans.

Ef fyrir liggur að eingreiðsla í júlí hafi verið of- eða vangreiðd skal það leiðrétt við eingreiðslu desembermánaðar og gilda ákvæði 55. gr. laga um almannatryggingar eftir því sem við á.

### 4. gr.

#### *Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 70. gr., sbr. 69. gr., laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum, og 14. gr. laga nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 1230/2015, um orlofs- og desemberuppbætur til lífeyrisþega árið 2016.

Velferðarráðuneytinu, 17. maí 2017.



Þorsteinn Viglundsson  
félags- og jafnréttismálaráðherra



Anna Lilja Gunnarsdóttir